

bréflaga innan mánaðar eftir að honum barst úrskurður hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Sjóðstjórninni ber þá að tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Síðan koma gerðardómsmenn sér saman um þriðja mann er skal vera formaður dómsins, en komi þeir ekki saman um hann, skal hann skipaður af dómstjóranum í Reykjavík. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og honum verður ekki áfrýjað.

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins löglegar að þær hafi verið samþykktar af löglegum aðalfundi sjóðsins með 2/3 greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skal senda til stjórnar sjóðsins eigi síðan er hálfum mánuði fyrir aðalfund og skal geta tillagna til lagabreytinga í fundarboði.

(Þannig fyrst samþykkt 4. maí 1965 og síðan breytt 9. nóvember 1974, 28. apríl 1979, 7. júní 1985, 23. júní 1987, 4. maí 1990, 28. maí 1991, 29. apríl 1992, 27. mars 1993 og 1. júní 1995.)

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. maí 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

5. júní 1996

Nr. 317

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna úr landi frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 1. mgr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júní 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.